

## **62. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldin í fjarfundi og staðfundi í fundarsal í Ólafshúsi, Patreksfirði þann 28. ágúst 2024 kl 10.00**

**Mætt voru:** Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Gauti Geirsson og Sædís Ólöf Þórsdóttir.

Forföll boðuðu Nanný Arnar Guðmundsdóttir og í hennar stað sat fundinn Gylfi Ólafsson og Jóhann Birkir Helgason og í hans stað sat fundinn Dagný Finnbjörnsdóttir. Sif Huld Albertsdóttir sat einnig fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Einnig sátu fundinn þau Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri atvinnu- og byggðaðróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðs- og menningar, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, verkefnisstjóri og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði fundargerð

Boðuð dagskrá er sem hér segir;

1. Vestfjarðaleiðin – verkefni og framtíðarsýn
2. Breiðafjarðarskýrsla – kynning og verklok
3. Umhverfis og loftlagsmál – áhersluverkefni
4. Skýrsla um mögulega þjóðgarða á Vestfjörðum
5. Skýrsla framkvæmdastjóra
6. Fundargerðir til kynningar
7. Önnur mál

Málefni Fjórðungssambands Vestfirðinga

1. Erindi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi
2. Samráðsvettvangur stjórna landshlutasamtaka í Norðvesturkjördæmi
3. Erindi Landsnets og Vesturverks til Vegagerðar
4. 69. Fjórðungssþing Vestfirðinga að hausti
5. Umsagnir

Formaður setti fundinn og kannaði síðan hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Formaður óskaði eftir breytingu á dagskrá og stjórn Fjórðungssambands hæfi fundinn eftir boðaðri dagskrár, tillagan samþykkt og gengið til boðaðar dagskrár.

Mætt Jóhanna, Dagný, Gylfi, Magnús og Lilja Magnúsdóttir, auk Sigríðar og Aðalsteins.

### **1. Erindi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi**

Lagt fram bréf frá Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, dags 6. júní 2024., yfirskrift bréfsins er „Vegna skipunar stýrihóps á vegum Umhverfis-orku- og loftlagsráðuneytisins og Matvælaráðuneytisins til að undirbúa áformaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits“ bréfið er sent öllum sveitarfélögum á Íslandi en einnig til kynningar í stjórnnum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Til máls tóku; Jóhanna, Lilja og Gylfi.

Tillaga um bókun lögð fram

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur sveitarfélög á Vestfjörðum til að fylgjast vel með framvindu málsins.*

Tillagan samþykkt

## **2. Samráðsvettvangur stjórna landshlutasamtaka Norðvesturkjördæmis**

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir framkvæmdastjóra landshlutasamtaka SSNV, SSV og FV um aukið samráð og samtal um málefni kjördæmisins.

Til máls tóku auk framkvæmdastjóra þau Jóhanna og Aðalsteinn

Tillaga að bókun lögð fram;

*Stjórn tekur vel í erindið og fagnar samtalinu um aukið samráð. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.*

Tillagan samþykkt.

## **3. Erindi Landsnets og Vesturverks til Vegagerðar**

Lagt fram bréf til Vegagerðar dags 2. ágúst 2024 frá Landsneti og Vesturverki ehf, afrit bréfs er sent til kynningar ráðherra innviða og ráðherra umhverfis- orku og loftslags, Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga auk sveitarstjóra Árneshrepps.

Efni: Lagfæring Strandavegar og Ófeigsfjarðarvegar í Árneshreppi. Erindi frá VesturVerki og Landsneti.

Til máls tóku, Gylfi, Jóhanna, Lilja, Dagný, Magnús, Aðalsteinn og Sigríður

Tillaga að bókun lögð fram.

*Stjórn FV tekur undir óskir Landsnets og Vesturverks um vegabætur vegna framkvæmda við Hvalárvirkjun en bendir á að mikilvægt er að umbeðnar vegabætur þurfa að fá nýtt fjármagn sem ekki verði tekið af öðrum framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á Vestfjörðum. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur til að undirbúningsvinnu vegna vegabóta í Árneshreppi verði hraðað sem mest.*

Tillagan samþykkt.

Sigríður vék af fundi

## **4. Breyting samþykkt Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingskapa Fjórðungsþings Vestfirðinga.**

Sviðsstjóri byggðapróunar kynnti drög að minnisblað með tillögum að útfærslu á breytingum á samþykktum Fjórðungssambands og þingsköpum Fjórðungsþing, á grundvelli samþykktar 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori.

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga óskar heimildar Fjórðungspings Vestfirðinga að fjalla um og gera tillögu til 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti um breytingar á 9. og 10. grein samþykka Fjórðungssambandsins og 6. grein þingskapa Fjórðungspings.*

*Tekið verði til skoðunar að á kosningaári sveitarstjórna verði Fjórðungsping að vori og sumri verði felld saman í eitt þing sem haldið verði að afloknum kosningum. Fyrri stjórn skili af sér sínum verkefnum og kosið verði síðan til stjórnar og nefnda Fjórðungssambandsins. Eins verði fjallað um hvort fastsetja eigi ákvæði um tilnefningu sveitarfélaga í kjörnefnd.*

Stjórn fór yfir tillögur að breytingum samþykka og þingskapa FV og samþykkti að vísa tillögunni til 69. Fjórðungspings að hausti.

## **5. 69. Fjórðungsping að hausti, dagskrá, endurskoðuð fjárhagsáætlun og ályktanir stjórnar**

Sviðsstjóri byggðapróunar kynnti forsendur endurskoðaðar fjárhagsáætlunar 2024 og þróun framlaga aðildarsveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á síðustu fimm árum, til grundvallar umræðu um fjárhagsáætlun 2025. Taka verði skoðunar þróunar verðlags og launa og vísar stjórn þeirri umfjöllun til fjárhagsnefndar.

Rætt um nýtt verkefni sem kæmi til framkvæmda á árinu 2025 og varðar umsjón með úrgangsmálum byggt á tillögum starfshóps sveitarfélaga um Svæðisáætlun í sorpmálum á Vestfjörðum og samspil við önnur verkefni í umhverfis og loftlagsmálum. Umræðu frestað til umfjöllunar sem er á dagskrá stjórnar Vestfjarðastofu.

Ályktanir stjórnar til Fjórðungspings teknar til umræðu. Formaður hóf umræðuna og lagði til að í stað hefðbundinna ályktana verði unnið út frá þeirri stefnumörkun sem er í vinnslu þ.e. sóknaráætlun, svæðisskipulag og fleiri áætlanir s.s. nýja Fjarskiptaáætlun. Víðtækar ályktanir fyrri þinga um innviðmál hefðu enn fullt gildi og væri nú ástæða til að leggja áherslu á umfjöllun um samfélags og menntamál. Rætt um tillögu formanns og hvernig afstaða þingsins í málaflokkum, nýttist í starfi Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu og í hagsmunagæslu fyrir Vestfirði. Umræðu frestað en formaður lagði til að stjórnarmenn ynnu að málinu fram að næsta fundi stjórnar og nýttu yfirskrift málaflokka og áherslur sem lagðar voru fram í lýsingu svæðisskipulags Vestfjarða.

## **6. Umsagnir:**

Sviðsstjóri byggðapróunar lagði fram minnisblað varðandi umsýslu umsagna.

### **a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis**

Engar umsagnir hafa verið afgreiddar frá síðasta stjórnarfundi

### **b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt**

- i. Drög að flokkun fimm virkjunarkosta, mál S 114/2024  
<https://island.is/samradsgatt/mal/3753>

Umsögn Fjórðungssambands

<https://samradapi.island.is/api/Documents/921084cb-d82f-ef11-9bc3-005056bcce7e>

- ii. Áform um frumvarp til laga um kílómetragjald, mál S-147/2024. Unnin umsögn í samstarfi við Austurbrú/SSA, <https://island.is/samradsgatt/mal/3786>

c. **Afrakstur umsagna.**

- i. Þingsályktun um landsskipulagstefnu  
<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/154/535/?ltg=154&mnr=535>

Þingsályktunin var samþykkt á Alþingi þann 16. Maí s.l., breytingar voru gerðar á áætluninni og eru þær hér tilgreindar í álitni meirihluta umhverfis og samgöngunefndar <https://www.althingi.is/altext/154/s/1673.html>

Umsögn Fjórðungssambands var tekin til umfjöllunar í afgreiðslu meirihluta umhverfis og samgöngunefndar.

Tekið er undir efni umsagnar Fjórðungssambandsins um að skýra betur aðgerðir 8 og 9 varðandi strandsvæðaskipulag í Eyjafirði og Skjálfanda. Eins er tekið undir tillögu um aðgerð 10, að lagt er til að flýtt verði skoðun á forgangsröðun nýrra svæða fyrir strandsvæðaskipulag til ársins 2024 í stað 2026, sem styður við tillögu í skýrslu stýrihóps um Framtíð Breiðafjarðar að hafin verði vinna við gerð strandsvæðaskipulags í Breiðafirði. Þetta er mikilvægt fyrir tillögu Breiðafjarðarverkefnis þar sem lagt er til að hafin verði gerð strandsvæðaskipulags.

Í álitni meirihluta kemur fram að fjallað er um og hafnað kröfu sveitarfélaga að skiplagssvæði strandsvæðaskipulags verði fellt undir skipulag sveitarfélaga,

Í álitni meirihluta er umfjöllun um siglingaröryggi og strandsvæðaskipulag. Telja verður niðurstöður nefndarinnar jákvæðar fyrir framkvæmd mála á Vestfjörðum.

Að lokum má benda á að meirihluti tekur undir mikilvægi þess að skilgreina betur þjóðhagslega mikilvæga innviði og hvar eigi að fjalla um þá í áætlunum ríkisins.

- ii. Drög flokkun fimm virkjanakosta mál S114/2024

Viðbrögð verkefnisstjórnar 5. áfanga Rammaáætlunar koma fram í *Tillögu að flokkun virkjanakostanna* sem lögð var í Samráðsgátt þann 5. júlí s.l..

Fram kemur að stefnt sé að fyrir óbreyttri afstöðu verkefnisstjórnar um að setja Skúfnvatnavirkjun, Tröllárvirkjun og Hvanneyrardalsvirkjun í nýtingarflokk. Ekki tekin bein afstaða til umsagnar FV en frekari umfjöllun verði vísað í

úrvinnslu verkefnisstjórnar þegar umsagnarfresti lýkur þann 27. september n.k..  
En verkefnisstjórn segir jafnframt að þær umsagnir sem hafi borist séu  
gagnlegar og munu nýtast í áframhaldandi vinnu nefndarinnar.

**d. Umsagnarbeiðnir**

Engum umsagnarbeiðnum hefur verið beint til Fjórðungssambands eða  
Vestfjarðastofu

**e. Umsagnir til skoðunar**

i. Engin mál eru til skoðunar frá Alþingi

**ii Samráðsgátt; Tillaga að flokkun fimm virkjanakosta mál S 139/2024**

<https://island.is/samradsgatt/mal/3778>

Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir að breyta afstöðu um flokkun virkjanakosta á  
Vestfjörðum og er það sama afstaða og Fjórðungssambandið setti fram í umsögn  
um drög að tillögu verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar.

Til máls tóku Jóhanna, Lilja og Gylfi.

Tillaga að bókun lögð fram.

Samþykkt að senda inn umsögn um málið í Samráðsgátt. Lögð verði fram ítrekuð  
afstaða Fjórðungssambandsins sem kynnt var í máli S114/2024 Drög að tillögu  
um flokkun fimm virkjanakosta, en endanleg framsetning málsins verði skoðuð  
með hliðsjóna af álit annarra umsagnaáðila s.s orkufyrirtækja. Efni máls verði  
einnig kynnt fyrir Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða en nefndin er nú að hefja  
vinnu við drög að vinnslutillögu Svæðisskipulagsins á grundvelli lýsingar og  
umsagna um þá lýsingu.

**Fundi frestað kl 12.00**

## Fundur settur að nýju í stjórn Vestfjarðastofu kl 13.00

**Mætt til fundar:** Gauti Geirsson, Sædís Ólöf Þórsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Elísabet Gunnarsdóttir (fjarfundi), Sif Huld Albertsdóttir (fjarfundi).

Mættir starfsmenn Vestfjarðastofu á fundinum: Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Aðalsteinn Óskarsson, Guðrún Anna Finnbogadóttir, Sölvi Guðmundsson og Þórkatla Ólafsdóttir

### Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

#### 1. Vestfjarðaleiðin – verkefni og framtíðarsýn

Sölvi og Þórkatla fóru yfir nokkur verkefni Markaðsstofu það sem af er ársins 2024. Sölvi kynnti innanlandsherferð sem unnin var með auglýsingastofunni Sahara og árangur af viðræðum við Menningar og viðskiptaráðuneyti með samþykki ráðuneytisins ráðuneytis um að styðja við þróun vetrarferðapjónustu á Vestfjörðum. Þórkatla kynntir hugmyndir um þróun Vestfjarðaleiðarinnar sem byggji á hönnun og arkitektúr sem sérstöku aðdráttarafli ferðaleiðarinnar.

Til máls tóku Elísabet, Sædís, Sigríður, Jóhanna, Lilja, Gylfi og Sif. Til umræðu voru leiðir til að koma þeim áherslur að í aðalskipulag og svæðisskipulag og verkefna sveitarfélaga varðandi Áfangastaðaáætlun.

Tillaga að bókun lögð fram

*Stjórn Vestfjarðastofu þakkar mennta- og viðskiptaráðherra vilyrði um stuðning við þróunarverkefnið vetrarferðapjónusta á Vestfjörðum. Jafnframt þakkar stjórn starfsfólki Vestfjarðastofu góða vinnu.*

Þórkatla, Sölvi og Sif véku af fundi.

#### 2. Skýrsla stýrihóps um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Lögð fram skýrsla stýrihóps umhverfis-, orku og loftlagsráðherra sem skipaður var í mars 2022. Stýrihópnum var falið að greina verndargildi verndarsvæðis Breiðafjarðar og áhrif þess, tækifæri og ógnanir á samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins átti síðan að leiða fram tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Verkefnið var unnið í samstarfi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi með stuðningi aðgerðar C9 í Byggðaáætlun.

Skýrsla stýrihópsins var afhent umhverfis-, orku og loftlagsráðherra á fundi í Flatey þann 8. júlí s.l. og í framhaldinu einnig afhent sveitarfélögum sem liggja að Breiðafirði. Efni hennar hefur einnig verið kynnt innviðaráðherra.

Til máls tóku Aðalsteinn og Jóhanna.

Tillaga að bókun lögð fram

*Stjórn Vestfjarðastofu hvetur sveitarfélög við Breiðafjörð til að fylgja eftir niðurstöðum Breiðafjarðarskýrslunnar eftir atvikum í samstarfi við Vestfjarðastofu og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.*

Tillagan samþykkt.

### **3. Umhverfis og loftslagsmál – áhersluverkefni**

#### a. Áhersluverkefni 2024

*Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra um hvernig viðbótarfjármagni umhverfis-orku og loftslagsráðuneytis kr. 12.500.000 verði varið á árinu 2024. Gert er ráð fyrir að helmingur fjármunanna fari til að tryggja starf verkefnastjóra umhverfis- og loftslagsmála og helmingi verði varið til kaupa á aðkeyptri ráðgjöf og þjónustu.*

#### b. Blámi – framhald verkefnis 2025-2027

*Stjórn samþykkir með fyrirvara um gerð samnings um nýja Sóknaráætlun áframhaldandi stuðning við Bláma sem áhersluverkefni í samstarfi við Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti.*

Til máls tóku Gauti, Gylfi og Lilja

### **4. Skýrsla um mögulega þjóðgarða á Vestfjörðum**

*Framkvæmdastjóra falið að birta skýrslu um mögulega þjóðgarða á Vestfjörðum með þeim fyrirvörum sem ræddir voru á fundinum.*

Til máls tóku Gylfi, Lilja M. Gauti, Jóhanna og Elísabet.

### **5. Skýrsla framkvæmdastjóra**

*Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra um verkefni Vestfjarðastofu frá síðasta stjórnarfundum.*

### **6. Önnur mál**

*Umræða um orkumál. Rætt var um að skýra umræðu um orkumál gagnvart atvinnulífi og sveitarfélögum á Vestfjörðum. Stjórn Sóknarhóps mun vinna tillögur að kynningar og samræðufundum um orkumál út frá sjónarmiði atvinnulífs.*

Til máls tóku Gauti, Gylfi, Lilja M. Jóhanna, Sigríður og Aðalsteinn

### **7. Fundargerðir til kynningar**

#### a. Fundargerð 110. fundar stjórnar SSNV 25. júní 2024

[https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir\\_stjornar/2024/fundargerd\\_110.-fundar-stjornar-ssnv.pdf](https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2024/fundargerd_110.-fundar-stjornar-ssnv.pdf)

#### b. Fundargerð 63. fundar SSNE 30. apríl 2024

c. <https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE24/fundargerd-63-fundar-1-.pdf>

- d. Fundargerð 2. fundar stjórnar SSA 21. júní 2024  
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/06/2.-stjornarfundur-SSA-21-juni-2024.pdf>
- e. 151. fundur stjórnar Austurbrúar 21. júní 2024  
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/06/151.-stjornarfundur-Austurbruar-21-juni-2024.pdf>
- f. 611. stjórnarfundur SASS. 28. júní 2024  
<https://www.sass.is/611-fundur-stjornar-sass/>
- g. 580. Fundur stjórnar SSH 01. júlí 2024
- h. <https://www.ssh.is/is/stjornsysla/fundargerdir>
- i. 949. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – í gögnum fundar
- j. 950. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – í gögnum fundar